

Samtengd ferðatilhögun

A.m.k. tvær mismunandi tegundir *ferðatengdrar þjónustu** sem keyptar eru vegna sömu ferðar en mynda ekki pakkaferð, enda séu gerðir aðskildir samningar við hvern ferðaðþjónustuveitanda fyrir sig, og seljandinn hefur milligöngu um: a. að ferðamenn velji og greiði sérstaklega fyrir hverja tegund ferðatengdrar þjónustu við einstaka heimsókn eða samskipti á sölustað hans, eða b. með markvissum hætti, öflun a.m.k. einnar tegundar ferðatengdrar þjónustu til viðbótar frá öðrum seljanda, þar sem samningur við þann seljanda er gerður innan 24 klst. frá staðfestingu bóknar fyrstu ferðatengdu þjónustunnar.

Það telst ekki samtengd ferðatilhögun ef aðeins er keypt ein tegund *ferðatengdrar þjónustu** og önnur þjónusta við ferðamenn skv. d-lið ef sú þjónusta nemur minna en 25% af samanlögðu virði þjónustunnar og er ekki mikilvægur þáttur ferðarinnar eða auglýst sem slík.

**Ferðatengd þjónusta:*

- a. flutningur farþega,
- b. gisting sem hvorki er í eðlilegum tengslum við flutning farþega né til búsetu,
- c. leiga bifreiða og bifhjóla sem krefjast ökuréttinda í A-flokki,
- d. önnur þjónusta við ferðamenn sem ekki er í eðlilegum tengslum við ferðatengda þjónustu skv. a–c-lið.